

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 17/2008

frá 1. febrúar 2008

um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XXI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 170/2007 frá 7. desember 2007 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 716/2007 frá 20. júní 2007 um hagskýrslur Bandalagsins um skipulag og starfsemi erlendra hlutdeildarféлага ⁽²⁾.
- 3) Ákvörðun þessi á ekki að taka til Liechtensteins.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 19w (reglugerð ráðsins (EB) nr. 701/2006) í XXI. viðauka við samninginn:

„19x. **32007 R 0716**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 716/2007 frá 20. júní 2007 um hagskýrslur Bandalagsins um skipulag og starfsemi erlendra hlutdeildarféлага (Stjtíð. ESB L 171, 29.6.2007, bls. 17).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Ákvæði þessarar reglugerðar taka ekki til Liechtensteins.“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 716/2007, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 2. febrúar 2008 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 124, 8.5.2008, bls. 38, og EES-viðbætur við Stjtíð. ESB nr. 26, 8.5.2008, bls. 31.

⁽²⁾ Stjtíð. ESB L 171, 29.6.2007, bls. 17.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 1. febrúar 2008.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Alan Seatter

formaður.